



## Launastefna Strandabyggðar

Hjá Strandabyggð ríkir virðing gagnvart ólíkum störfum og starfsfólk sveitarfélagsins starfar sem ein heild þvert á svið og stofnanir.

Launastefnunni er ætlað að styðja við og efla þjónustu við íbúa sveitarfélagsins sem og farsælan rekstur sveitarfélagsins. Launastefnan tekur til allra starfsmanna Strandabyggðar.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á launastefnu og jafnlaunastefnu sveitarfélagsins og að þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt. Skrifstofustjóri er fulltrúi sveitarstjóra í að framfylgja launastefnu og jafnlaunastefnu sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Umfang og eðli starfs hefur áhrif á laun og ræðst af mörgum þáttum, svo sem reynslu, þekkingu, hæfni, ábyrgð, álagi, mannaforráðum, menntun, samstarfshæfileikum, stjórnun og verkefnum.

Starfslýsingar skulu vera til fyrir öll störf. Í starfslýsingu koma fram allir meginþættir starfs.

Laun skulu ákvörðuð í samræmi við ofangreindar forsendur um þekkingu, hæfnihætti og ábyrgð í starfi. Allar ákvarðanir er varða laun skulu framkvæmdar samkvæmt verklagsreglum sveitarfélagsins. Allar launaákvarðanir skal vera hægt rökstyðja. Tryggja skal að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störfum og fari eftir viðkomandi starfsmati.

Telji starfsmaður sig ekki rétt launaraðaðan getur viðkomandi óskað eftir að laun verði rýnd á grunni gildandi verklagsreglna jafnlaunakerfis Strandabyggðar og ákvæða laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna.

Launastefna þessi samræmist starfsmannastefnu Strandabyggðar.

Jafnlaunastefna Strandabyggðar er órjúfanlegur hluti af launastefnu sveitarfélagsins.

**Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar 14. desember 2021**